

Bleikur október hafinn



Október mánuður er genginn í garð og er hann oft vel skreyttur bleikum lit í allskyns útfærslum, það er eins og náttúran hafi ákveðið að taka þátt í bleikum október því að bláberjalyng er víða orðið dökkbleikt eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Bleiki liturinn er táknrænn fyrir árvekni- og fjáröflunaráttak Krabbameinsfélagsins sem vekur athygli á baráttunni gegn

krabbameinum hjá konum. Stofnanir, einstaklingar og fyrirtæki hafa tekið virkan þátt í Bleikum Október undanfarin ár og sýna með því samstöðu og styrk til þeirra kvenna sem hafa greinst með krabbamein og fjölskyldna þeirra. Bleika slaufan er nú komin í sölu og er hönnun slaufunnar í ár innblásin af samstöðu og minnir á að krabbamein snertir okkur öll einhvern tímann á

lífsleiðinni. Steinarnir sem prýða slaufuna eru ólíkir að forminu til og tákna margbreytileika okkar og stuðning samfélagsins.

Á heilsugæslunni í Snæfellsbæ hafa bæði legháls- og brjóstakrabbameins skimanir verið í fullum gangi undanfarið. Konur í Snæfellsbæ tóku vel við kallinu í skimun en bæta þurfti við auka skimunardegi á heilsugæslunni vegna þess hve

margir bókuðu tíma. Frábær þátttaka í krabbameinsskimanir er góð leið til þess að byrja Bleikan október. Á Bleika deginum 20. október eru landsmenn hvattir til að vera bleikir - fyrir okkur öll, bera slaufuna, klæðast bleiku og lýsa skammdegið upp í bleikum ljóma svo allar konur sem greinst hafa með krabbamein finni stuðning okkar og samstöðu.

JJ

RAÐHÚS TIL SÖLU

Kynni til sölu ný fullbúin raðhús. Húsin eru vel skipulögð og nýttast vel. Parket og flísar á gólfum. Innréttingar frá IKEA. Innbyggð raftæki í eldhúsinnréttingu. Upptekin loft og góð lofthæð. Steypt bílaplan. Sólballur. Lóð þökulögð.



Helluhóll 12a. 122,9fm.

Brjú svefnherbergi og innbyggður bílskúr.

Verð: 57,5M

Helluhóll 12b. 73,5fm.

Tvö svefnherbergi.

Verð: 34,9m

Helluhóll 12c. 122fm.

Brjú svefnherbergi og innbyggður bílskúr.

Verð: 57,5m

Húsin eru tilbúin til afhendingar. Möguleiki á hlutdeildarláni frá HMS og 5% útborgun.



Nánari upplýsingar veitir:

BOGI MOLBY

Löggiltur fasteignasali

☎ **699 3444**

molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Þorsteinn á heimsmeistaramóti á Ítalíu



Þorsteinn Bárðarson keppti síðastliðna helgi í UCI Gravel heimsmeistaramóti í hjólreiðum sem fór fram í Veneto á Ítalíu.

Fjórir íslendingar kepptu á mótinu í mismunandi flokkum en Þorsteinn keppti í flokki 45 til 49 ára karla. Keppnisleiðin byrjaði í Lago Le Bandie í Treviso og samanstóð af þremur hringjum í kringum Pieve di Soligo sem

er 23 km austar og endaði svo þar. Leiðin var 169 km að lengd með 1890 metra hækkun og var að mestu malarvegir og brekkur.

Þorsteinn náði frábærum árangri í keppninni en hann lenti í 46. sæti af 124 keppendum þrátt fyrir að hafa dottið tvisvar sinnum á leiðinni.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Nemendur rækta kartöflur



Kartöflurækt er eitt af þeim fjölmörgu verkefnum sem nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar vinna við í skólanum, það að setja niður spírurnar, hlúa að reitnum og fylgjast með uppskerunni vekur áhuga barna á hollu mataræði og virðingu fyrir bæði fæðunni og náttúru. Á hvert setja nemendur í 3. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar niður kartöflur að vori og í skólabyrj-

un að hausti taka þessir sömu nemendur kartöflurnar upp, þá komin í 4. bekk. Uppskeran í ár var nokkuð góð þó kartöflurnar hafi verið heldur smáar. Það er eitt að neyta hollrar fæðu en annað að átta sig á því hvaðan hún kemur og með kartöflurækt í skólanum sjá nemendur hvernig ferlið gengur fyrir sig og afurðirnar verða afrakstur þeirra. SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Getraunir 1x2

Fastagestunum í hópnum sem kemur í Áttthagastofuna virðist ganga illa að komast í takt við úrslitinn í enska boltanum. Allavega er eitthvað lítið að koma til baka af krónum í vinninga fyrir rétt úrslit. Síðasta laugardag var hópseðillinn bara með 10 rétt af 13. Ekkert greitt út á það. Leikninn felst í því að hitta á þau úrslit, sem ekki eru samkvæmt stigatöfl-

unni og það er vandamálið. Við ætlum samt ekki að gefast upp og verðum því í Áttthagastofunni á laugardaginn á milli klukkan 11.00 og 12.00 eins og vant er. Kaffi á könnunni og allir velkomnir. Hver röð kostar aðeins 13 krónur og auðvelt að vera með.

Áfram Víkingur.



Hefur þú áhuga á málefnum stéttarféлага?

Kjölur stéttarfélag leitir að jákvæðum og öflugum verkefnastjóra sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni og axla ábyrgð á starfsstöð félagsins á Snæfellsnes- og Dalasýslu.

Viðkomandi þarf að vera með ríka þjónustulund, öguð vinnubrögð, búa yfir sjálfstæði í starfi, vilja til að tileinka sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.

Nánari upplýsingar og umsóknargátt er að finna á kjolur.is



Smíði hafin á nýju björgunarskipi

Þann 7. október síðastliðinn skrifaði Viðar Páll Hafsteinsson undir samning fyrir hönd Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar þess efnis að smíði verði hafin á nýju Björgunarskipi fyrir Björgunarsveitinni Lífsbjörg voru viðstaddir móttökuathöfn á Reykjavíkurhöfn þar sem Björgunarsveitin Ársæll fékk afhent nýtt skip. Að athöfninni lokinni var skrifað undir fyrrnefndan samning og er áætlað að afhending á nýja skipinu fari fram í desember 2024. Þetta skip verður það fjórða í röðinni en skipið sem nú er í notkun, B/S Björg 2742 er orðið 35 ára gamalt, smíðað árið 1988 en hefur verið í notkun hjá Lífsbjörgu frá árinu 2019. Skipið hefur reynst sveitinni vel í gegnum árin og farið í fjölda útkalla og þjónustuverkefna en með nýju skipi mun viðbragðstími sveitarinnar stytta um helming, viðhaldsrekstur mun minnka og aðstaða fyrir sjálfbæði Lífsbjargar verður betri hvað varðar tækja- og leitarbúnað.

SJ



Valeria hlýtur viðurkenningu Íslenskrar málnefndar

Málrættarþing Íslenskrar málnefndar fór fram í Þjóðminjasafninu 28. september síðastliðinn. Málrættarþingið er yfirleitt haldið í tengslum við dag íslenskrar tungu í nóvember eða evrópska tungumáladaginn í september og var yfirskrift þingsins í ár Íslenskunám nýrra Íslendinga. Ásamt fjölda erinda og fyrirlestra á þinginu veitti Íslensk málnefnd



viðurkenningar fyrir að breiða út íslensku og var það Kaffibrennslan Valeria í Grundarfirði sem hlaut viðurkenningu Íslenskrar málnefndar 2023 fyrir að breiða út íslensku sem aðal tungumálið í verslunar- og veitingageiranum. Eigendur Kaffibrennslunar

Valeriu eru stolt af því að gera íslenskunni hátt undir höfði í fyrirtækinu sínu en þau eru með orðabók á staðnum sem gerir erlendum viðskiptavinum kleift að panta sér kaffi á íslensku. Á meðfylgjandi mynd er Marta Magnúsdóttir með viðurkenningu Kaffibrennslunar

Valeriu ásamt Ármanni Jakobssyni, formanni Íslenskrar málnefndar og Natasha og Ewa sem hlutu viðurkenninguna fyrir að breiða út íslensku sem bókmenntamál þeirra sem ekki hafa hana að móðurmál.

SJ

Heima eftir Elvu Hreiðarsdóttir

Laugardaginn 7. október síðastliðinn opnaði Elva Hreiðarsdóttir sýninguna "Heima" í 3 Veggjum listrými á Hellissandi. Sýninguna vann Elva sem fyrirbærafræðilegt listrannsóknarverkefni í MA námi við Listaháskóla Íslands. Þá fór hún fótgangandi síðasta vetur í einveru og í þeim tilgangi að kanna áhrif náttúrunnar á listsköpun sína. Elva er fædd og uppalin í Ólafsvík og starfrækir nú Hvítahús í Krossavík á Hellissandi. Hún útskrifaðist úr Kennaraháskólanum 1989, með BA úr grafíkdeild Listaháskóla Íslands árið 2000 og síðar með MA úr Listaháskólanum vorið 2023 og kennir við Myndlistaskólann í Reykjavík. Elva sækir myndefni sitt almennt til náttúrunnar og blandar gjarnan efnunum úr henni í myndgerð sína hvort sem hún gerir grafíkplötur eða málverk en hún leggur áherslu á notkun á eitrefnalausum efnunum við grafíkgerð. Hún hefur haldið fjölmargar sýningar bæði hér heima og erlendis. Á ferðalagi sínu við gerð sýningarinnar "Heima" skrifaði Elva meðal annars fjórar dagbækur sem hún hefur gefið út bók upp úr og verð-



ur bókinn til sýnis og sölu í 3 Veggjum á meðan sýningunni stendur. Sýningunni lýkur þann 22. október og mun vera opin frá 14 til 18 fimmtudag til sunnudags þangað til en Elva verður á staðnum næstkomandi laugardag, 14. október, frá 14 til 16. SJ



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2024

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2024 og hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara fyrir 1. nóvember 2023.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2023 þurfa að senda inn ársreikning með áframhaldandi styrkbeiðni.

Eldrafit blómstrar

Góð mæting er í námskeiðið Eldrafit sem er haldið í crossfit stöðinni CF SNB á Rífi. Fyrsta námskeiðið af Eldrafit var haldið árið 2020 og eru tímarnir partur afsamstarfsverkefni öldungaráðs, CF SNB og Snæfellsbæjar til þess að auka úrval og aðgengi að afþreyingu fyrir eldra fólk í bæjarfélaginu. Sólarport hefur einnig tekið þátt í þessu verkefni sem felur í sér að Snæfellsbær niðurgreiðir tíma fyrir einstaklinga sem

eru í félagi eldri borgara. Námskeiðið Eldrafit hefur fest sig í sessi innan crossfit stöðvarinnar enda alltaf góð skráning í tímana. 15 einstaklingar eru skráðir á námskeiðið á þessu tímabili og er mikil ánægja með fyrirkomulagið. Áhersla er lögð á fjölbreyttar styrktar, liðleika og úthaldsæfingar. Æfingarnar eru fjölbreyttar og eru þær aðlagðar að færni hvers og eins. Anna Þóra Böðvarsdóttir og Gestheiður Guðrún

Sveinsdóttir eru þjálfarar Eldrafit og eru tímarnir alltaf á mánudögum og miðvikudögum. Crossfit stöðin hefur nú fest kaup á sérstökum æfingarbúnaði fyrir tímana sem ættu að berast á næstu vik-

um. Eigendur vonast til að geta keypt stór æfingartæki sem henta aldurshópnum sérstaklega vel ef aðsókn heldur áfram að vera góð í námskeiðin.

JJ



Guðspjónusta í Ólafsvíkirkirkju

Sunnudaginn 15. október kl. 14

Söfnuðurinn ætlar þennan dag að kveðja Pétur Bogason og þakka honum allt það starf sem hann hefur unnið fyrir kirkjuna og samfélagið.

Kaffiveitingar eftir guðspjónustu

Velkomin öll og alltaf!

Beinagrind að gjöf

Það eru alltaf jákvæð tíðindi þegar bæjarbúar og gestir, hvort sem það eru einstaklingar, félög eða fyrirtæki, taka sig til og gefa skólunum gjafir sem geta nýst í bæði kennslu og leik. Á dögunum gaf fjölskyldan á Ennisbraut 6a, þau Þórður Stefánsson, Ólína Kristinsdóttir og Þórdís Þórðardóttir, Grunnskóla Snæfellsbæjar líkan af beinagrind í fullri stærð að gjöf. Mun hún koma sér vel í námi og kennslu en hún verður staðsett í myndmenntastofu skólans á Hellissandi. Nemendur skólans voru mjög áhugasamir um gripinn og rannsókuðu beinagrindina í bak og fyrir.

SJ



Jólagjafir í skókassa



„Jól í skókassa“ er alþjóðlegt verkefni sem felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælt til þess að ákveðnir hlutir séu í hverjum kassa. Verkefnið hefur verið í gangi síðan árið 2004, fyrsta árið söfnuðust rúmlega 500 kassar en síðan hefur verkefnið spurst út og undanfarin ár hafa um 5000 skókassar verið sendir út fyrir jólin. Skókassarnir fullir af gjöfum verða sendir til Úkraínu en þar er atvinnuleysi mikið og ástandið víða bágborið. Íslensku skókössunum verður meðal annars dreift á munaðarleysingjaheimilum, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt. Gjafirnar eru settar í innpakkaða skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælt til þess að ákveðnir hlutir séu í hverjum kassa. Á vefsíðu KFUM er hægt að sjá nánari upplýsingar um hvernig skal pakka,

merkja og ganga frá skókössunum og hvaða hluti skal setja í kassana, til dæmis leikföng, skóládót, hreinlætisvörur, sælgæti og fót.

Tekið verður á móti skókössunum í Grundarfirði og Snæfellsbæ fimmtudaginn 2. nóvember á milli 16 og 18 í safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju og Áttahagastofu Snæfellsbæjar. Tengiliðir í Grundarfirði eru Anna Husgaard Andreassen í síma 663-0159 og Salbjörg Sigríður Nóadóttir í síma 896-6650. Í Snæfellsbæ er Sigurbjörg Jóhannesdóttir tengiliður og hægt að ná í hana í síma 843-0992. Núna geta þeir sem eiga erfitt með að pakka skókössunum í gjafapappír eða hafa ekki tíma til þess, keypt tilbúna kassa. Kassinn er fallega myndskreyttur að utan og innan í kassanum er ljósmynd frá Íslandi og jólakveðja á úkraínsku til móttakanda sem segir jafnframt stuttlega frá Íslandi. Kassinn kostar 450 kr. og er hægt að kaupa á Holtavegi í Reykjavík.

SJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Eigið eldvarnaeftirlit í Grundarfirði



„Eigið eldvarnaeftirlit“ er árvæknir og átaksverkefni sem Eldvarnabandalagið stendur að og hefur Grundarfjarðarbær gert samningum samstarfi við Eldvarnabandalagið um innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits. Hjá Grundarfjarðarbæ starfa eldvarnarfulltrúar og hefur verið innleitt mánaðarlegt og árlegt eldvarnaeftirlit samkvæmt gátlistum Eldvarnabandalagsins. Starfsmenn stofnanna Grundarfjarðarbæjar taka virkan þátt í verkefninu en einnig hafa FISK Seafood og Soffanías Cecilsson gert slíka samninga við Eldvarnabandalagið. Með eigin eftirliti er átt við reglubundið eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana á eigin vegum en vandad eigið eftirlit stuðlar að auknum skilningi eigenda og starfsfólks á mikilvægi eldvarna. Það getur dregið verulega úr hættu á

að eldur komi upp en komi eldur upp engu að síður eru miklar líkur á að ráða megi niðurlögum hans fljótt og draga úr tjóni hafi rétt verið staðið að eldvörnum og fyrstu viðbrögðum. Þann 6. október tók Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, þátt í ársfundi Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands þar sem hún flutti erindi um starf eldvarnarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar og fleiri starfsmanna í stofnunum bæjarins sem tekið hafa þátt í verkefninu. Í sameiningu er unnið af áhuga að því að auka þekkingu á eldvörnum og að auka öryggi í starfs- og þjónustuumhverfi. Meðfylgjandi mynd er frá starfsdegi Grunnskóla Grundarfjarðar í vor af starfsfólki skólans að æfa handtökin með slökkvibúnað skólans.

SJ

Píllur blaka

Píllurnar eru hópur kvenna yfir 18 ára aldri sem koma saman vikulega í íþróttahúsinu og keppast og skemmta sér í hinu ýmsu íþróttum. Fótbolti, bandy, brennó og badminton er meðal þess sem er spreytt sér á en blakið er þó alltaf vinsælast. Síðastliðna helgi tóku Píllurnar upp á því að fá til sín þjálfara sem komu vestur og

kenndu þeim helstu undirstöðurnar í blaki, stöður og tækni. Karl Sigurðsson og Heiðbjört Gylfadóttir hittu 19 fróðleiksfúsar Píllur í íþróttahúsinu laugardaginn 30. september og kenndu þeim allt sem þær þurfa að vita til að vera gjaldgengar á Öldungamotið í blaki 2024.

Þessir vikulegu hittingar Píll-



anna í íþróttahúsinu hafa vakið athygli víða og ekki laust við að karlmenn í Snæfellsbæ séu öfundsjúkir út í skemmtilega stemmingu og holla hreyfingu, svo ekki sé talað um hláturinn. Því hefur verið ráðstafað tíma í íþróttahúsinu fyrir karlmenn 18 ára og

eldri sem hafa áhuga á að hittast í góðlátlegri keppni og góðum félagsskap á fimmtudagskvöldum kl. 20:30, hægt er að sjá hvaða íþróttir verða hverju sinni og skrá mætingu inná Facebookhópnum Pílluspjaldið.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Úthlutun úr Uppbyggingasjóði Vesturlands

Þann 29. september síðastliðinn fór fram seinni úthlutun Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Úthlutunin fór fram í Menntaskóla Borgarfjarðar og var hluti af dagskrá frumkvöðla- og fyrirtækjamótsins Nýsköpun í vestri. Að þessu sinni bárust sjóðnum 23 umsóknir og hlutu 11 atvinnu- og nýsköpunarverkefni styrk að verðmæti 10.650.000 kr. Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningar- atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi og er úthlutað einu sinni á ári til menningarverkefni en tvisvar á ári til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Af þessum 11 úthlutunum voru þrjú styrkir sem rötudu á Snæfellsnes, voru það Svæðisgarður Snæfellsness sem hlaut 800.000 kr styrk fyrir Sælkerabíl um Snæfellsnes, Berserkir og Valkyrjur ehf sem hlaut 800.000 kr fyrir Markaðs og viðskiptaplan fyrirtækisins og Snæfellsnes Adventure ehf sem hlaut 500.000 kr styrk. Næsta út-



hlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands verður í byrjun árs 2024 og verður þá úthlutað til menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefna en auglýst er opinberlega eftir umsóknum og eru þær metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í samningi um Sóknaráætlun Vesturlands. Á meðfylgjandi mynd er hópurinn sem hlaut styrki í þessari úthlutun ásamt Páli S. Brynjarssyni, framkvæmdastjóra SSV, Svölu Svavarsdóttur, verkefnastjóra SSV og Ólöfu Guðmundsdóttur og Helgu Guðjónsdóttur atvinnuráðgjöfum SSV.

SJ

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

VALDIMAR



Valdimar og hljómsveit í Ólafsvíkirkirkju

Fimmtudagur 26. október 2023

Menningarnefnd Snæfellsbæjar blæs til skemmtilegra vetrartónleika í Ólafsvíkirkirkju undir lok októbermánaðar.

Hljómsveitin Valdimar var stofnuð árið 2009 og hefur notið mikilla vinsælda allar götur síðan. Á tónleikunum í Ólafsvík verður sveitin fullmönnuð.

Sveitin hefur gefið út fjórar plötur og hafa þær hlotið fjölda tilnefninga til íslensku tónlistarverðlaunanna. Hljómsveitin hefur komið víða fram á tónlistarhátíðum bæði hér heima sem og erlendis.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

